

1. Almenn:

FISK-Seafood ehf. (kt. 461289-1269), Háeyri 1, 550 Sauðárkróki (áður Náttúra fiskirækt ehf. kt. 421111-1380) hefu rekstrarleyfi (FE-1069/36109) vegna landeldis á 200 tonnum af bleikju í strandeldi í Þorlákshöfn. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir seiða- og matfiskeldisstöð sína að Laxabraut 5, Þorlákshöfn, fyrir hámarkslífmassa upp á 900 tonn í seiða- og matfiskeldi á bleikju, dags. 2. maí 2019.

Fyrirhuguð fiskeldisstöð FISK-Seafood ehf. að Laxabraut 5 við Þorlákshöfn er landeldi með frárennsli í stökk til sjávar og út fyrir brimvarnargarð þar sem það flæðir um klöpp áður en það steypist í sjó fram. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum kerum verða ristar til að hindra að fiskur geti strokið og þar að auki fer allt frárennsli í safnkassa þar sem öllum úrgangi og dauðum fisk er safnað. Í safnkössunum eru ristar sem hindra að fiskur sleppi í frárennsli, en í frárennslinu eru að auki tvö þétríðin stálnet. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna breytingu rekstrarleyfis FISK-Seafood ehf. fyrir hámarkslífmassa upp á 900 tonn í eldi á bleikju kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í því að meiri mengun muni berast til sjávar miðað við núverandi starfsemi. Fyrir liggir að áætlaður styrkur næringarefna í fráveitu frá stöðinni til sjávar verður vel undir viðmiðunarmörkum um losun skólps samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp.

Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar. Áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samræði við eftirlitsaðila. Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi.

Matvælastofnun telur ljóst að samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu vegna vatnstöku sé nokkuð óviss en aðgerðir sem rekstraraðili leggur til ætti að draga úr áhrifum vatnstökunnar. Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknnum skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 1. júní til 1. júlí 2021. Engin athugasemd barst vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 1. júlí 2013 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum. Matvælastofnun telur ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum því hún sé ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáhrifum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slyasleppingum. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd FISK-Seafood að Laxabraut 5 við Þorlákshöfn er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og sveitarfélaginu Ölfus þann 9. júní 2021 vegna breytingu á rekstrarleyfi FISK-Seafood ehf. að Laxabraut 5 við Þorlákshöfn.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu né sveitarfélaginu Ölfus.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 10. júní 2021, kemur fram að ef komi til stroks úr stöðinni gefi eldistegund, eldisstofn og eldisaðferð tilefni til neikvæðra vistfræði- og erfðafræðiáhrifa.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur strjúki úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem strýkur. Fiskheldni stöðvarinnar að Laxabraut 5 er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Í öllum kerum verða ristar til að hindra að fiskur geti komist úr kerunum og þar að auki fer allt frárennsli í safnkassa þar sem öllum úrgangi og dauðum fisk er safnað. Í safnkössunum eru ristar sem hindra að fiskur strjúki í frárennsli, en í frárennslinu eru að auki tvö þéttriðin stálnet

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til FISK-Seafood ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 900 tonn til seiða- og matfiskeldis á bleikju að Laxabraut 5 við Þorlákshöfn.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 200 tonna rekstrarleyfi FISK-Seafood (FE-1069/36109) vegna eldis á bleikju úr gildi. Fyrirtækið er með gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Rekstrarleyfið gildir til 12. júlí 2037.

Selfossi, 12. júlí 2021